

Skýrsla Rauða krossins á Íslandi vegna óveðurs og víðtæks rafmagnsleysis í desember 2019

Skýrsluhöfundar

Jón Brynjar Birgisson og Aðalheiður Jónsdóttir, starfsmenn Rauða krossins.

Eftirfarandi starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins lögðu einnig til efni í skýrsluna: Marinó Már Marinósson, Elfa Dögg S Leifsdóttir, Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, Unnsteinn Ingason, Ingólfur Freysson, Guðmundur Haukur Sigurðsson, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Fjóla Einarsdóttir, Kristján Ingi Jónsson, Helen Símonardóttir, Bryndís Friðgeirsdóttir og Brynhildur Bolladóttir

Inngangur

Skýrslan er samantekt á viðbrögðum Rauða krossins vegna óveðurs og víðtæks rofs í innviðum dagana 10.-20. desember 2019. Skýrslan dregur saman meginþætti í viðbrögðum félagsins, hvernig ákvarðanatöku fór fram og helstu atriði sem læra má af viðbrögðunum.

Helstu viðbrögð Rauða krossins

Rauði krossinn kom að viðbrögðum vegna óveðurs og rafmagnsleysis dagana 10.-20. desember 2019. Helstu verkefni voru opnun fjöldahjálparstöðva, sálrænn stuðningur, samskipti við fólk á áhrifasvæðum, dreifing á hitunarbúnaði og aðkoma að Samhæfingarstöð almanna og aðgerðastjórnnum á Suðurlandi og Norðurlandi eystra.

Um 75 hjálparliðar Rauða krossins komu að aðgerðum og félagið veitti 280 manns beina aðstoð. Einnig voru hringd 220 símtöl til íbúa á köldum svæðum.

Fjöldahjálparstöðvar

- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Kjalarnesi vegna lokunar Vesturlandsvegur.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Selfossi vegna ófærðar.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð í Grímsnesi vegna ófærðar.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Hvammstanga vegna rafmagnsleysis og kulda í híbýlum.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Dalvík vegna rafmagnsleysis og kulda í híbýlum.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Ólafsfirði vegna rafmagnsleysis og kulda í híbýlum.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Siglufirði vegna rafmagnsleysis og kulda í híbýlum.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð að Stórutjörnum í Þingeyjarsveit vegna snjóflóðs sem lokaði þjóðvegi 1.
- Fjöldahjálparstöð var opnuð á Tjörnesi vegna rafmagnsleysis og kulda í híbýlum.

Önnur verkefni

- Mötuneyti og hvíldaraðstaða fyrir hjálparlið var opnað á Akureyri.
- Sálrænn stuðningur var veittur vegna dauðaslyss í Sölvadal í Eyjafirði.
- Húsvitjanir fóru fram á vegum Rauða krossins á Siglufirði.
- Símhringingar og eftirvitjanir til íbúa á köldum svæðum í Þingeyjarsýslu.
- Gashiturum var dreift í Þingeyjarsýslu í samstarfi við björgunarsveit.

Samhæfing

Viðbrögð Rauða krossins á vettvangi miðuðust að mestu leyti við ákvarðanir aðgerðastjórna í viðkomandi umdæmum. Undantekningin er viðbrögð á Hvammstanga en þar fór virkjun fjöldahjálparstöðvar fram vegna beiðni frá svæðisstjórn björgunarsveita, enda er félaginu ekki kunnugt um að aðgerðastjórn hafi verið virkjuð með formlegum hætti í umdæminu.

Höfuðborgarsvæði: Rauði krossinn var í reglulegum samskiptum við aðgerðastjórn á höfuðborgarsvæðinu meðan verkefni voru í gangi í umdæminu.

Suðurland: Rauði krossinn lagði til fulltrúa í aðgerðastjórn á Suðurlandi meðan verkefni voru í gangi í umdæminu.

Norðurland vestra: Rauði krossinn var ekki kallaður til í aðgerðastjórn í umdæminu þótt verkefni færu fram á Hvammstanga.

Norðurland eystra: Rauði krossinn lagði til fulltrúa í aðgerðastjórn á Akureyri meðan verkefni voru í gangi. Félagið var ekki beðið um að leggja til fulltrúa í stjórnstöð á Húsavík.

Samhæfing á landsvísu: Rauði krossinn átti nokkur samtöl við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og lagði til fulltrúa til skamms tíma í Samhæfingarstöðina. Félagið var boðað á fund þjóðaröryggisráðs.

Neyðarmiðstöð Rauða krossins: Félagið virkjaði eigin neyðarmiðstöð samkvæmt innri viðbragðsáætlun. Hlutverk neyðarmiðstöðvar Rauða krossins er meðal annars að ganga úr skugga um að viðbrögð félagsins séu með fullnægjandi hætti, mönnun sé viðunandi og fjármagn tryggt. Neyðarmiðstöðin sendi starfsfólk til Akureyrar til að styðja við starfsfólk í Eyjafirði en álag var þegar mikið vegna ótengdra verkefna, þ.m.t. jólaúthlutunar til skjólstaðinga félagsins. Neyðarmiðstöð hélt tvo stöðufundi með fjarfundabúnaði. Fundirnir voru teknir upp.

Samráðshópar áfallahjálpar í skipulagi almannavarna: Samráðshópar á Norðurlandi funduðu og skipulögðu viðbrögð, meðal annars varðandi úthringingar og heimavitjanir til fólks á köldum svæðum.

Lærdómur

Mönnun verkefna

Félaginu gekk víðast hvar ágætlega að manna viðbrögð en úrbóta er þó þörf á vissum stöðum. Skortur á vel búnum flutningstækjum stóð félaginu að vissu leyti fyrir þrifum í aðgerðum en þá kom á móti gott samstarf sem félagið á við aðildareiningar Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem aðstoðuðu oft við flutning á hjálparliði og búnaði félagsins.

Suðurland: Vel gekk að virkja á Selfossi. Félagið hefur á að skipa fjölmönnum viðbragðshópi í bænum. Sama er ekki hægt að segja um opnun fjöldahjálparstöðvarinnar að Borg í Grímsnesi. Félagið er ekki ríkt af sjálfboðaliðum á því svæði og nauðsynlegt reyndist að flytja sjálfboðaliða og búnað frá Selfossi. Björgunarsveit Árborgar sá um þá flutninga vegna ófærðar og veðurs.

Höfuðborgarsvæði: Vel gekk að virkja fjöldahjálparstöð á Kjalarnesi. Rauði krossinn hefur komið sér upp viðbragðshópi á staðnum, auk þess að hafa lengi átt í góðu samstarfi við skólastjórnendur í Klébergsskóla og Björgunarsveitina Kjöl á Kjalarnesi.

Norðurland vestra: Boðun var ekki eftir eðlilegum leiðum á Hvammstanga en björgunarsveitarfólk hóf að hringja í ýmsa sem þeir töldu að væri starfandi í Rauða krossinum á staðnum. Þetta hefði verið hægt að fyrirbyggja með eðlilegri samhæfingu í aðgerðastjórn og Samhæfingarstöð. Mönnun tókst en þörf

er á úrbótum. Viðbragðshópur félagsins á Norðurlandi vestra er ekki nægilega fjölmennur og þörf er á þjálfun.

Norðurland eystra - Eyjafjörður: Vel gekk að manna starfsstöðvar á Akureyri. Erfiðlega gekk að manna fjöldahjálparstöð á Dalvík með fullnægjandi hætti þar sem Rauða kross fólk í bænum er of fámennt. Flytja þurfti viðbótarhjálparlið og búnað frá Akureyri til Dalvíkur. Björgunarsveitin Súgur á Akureyri sá um þá flutninga. Sjálfboðaliðar félagsins í Fjallabyggð eru sömuleiðis ekki nægilega fjölmennir en fjöldahjálparstöðvar voru þó mannaðar bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Þar munaði miklu um samstarf við slysavarnadeildina á Ólafsfirði.

Sjálfboðaliðar félagsins gengu í hús á Siglufirði en björgunarsveit sá hins vegar um það á Ólafsfirði.

Norðurland eystra - Þingeyjarsýsla: Vel gekk að manna á öllum stöðum. Þar munar miklu um átak sem unnið hefur verið í sýslunni á síðustu árum sem miðar meðal annars að því að tryggja nægar bjargar í öllum svæðum.

Mál sem komu upp og krefjast úrlausna

Samstarf við almannavarnir

Rauði krossinn telur að Samhæfingarstöðin hefði þurft að vera virkjuð með fullri áhöfn allan tímann. Talsvert skorti upp á samhæfingu og upplýsingamiðlun milli aðila á landsvísu. Yfirsýn um stöðu mála skorti, t.a.m. um fjölskyldur sem gekk illa að ná til. Boðun bjarga var að hluta til óskilvirk og ákvörðunartaka á tímum óljós. Upplýsingamiðlun til almennings, meðal annars með SMS-boðum um þjónustu í boði hefði getað verið mun markvissari, sem hefði getað dregið úr kvíða og aukið öryggistilfinningu fólks.

Félagið óskaði eftir því við Neyðarlínuna að send yrðu út SMS-boð á almenning í Fjallabyggð til að upplýsa um starfsemi fjöldahjálparstöðva. Þeirri bön var í fyrstu tekið fálega. Þá hefði mátt kynna fjöldahjálparstöðina á Dalvík betur fyrir almenningi á staðnum sem stað þar sem fólk gæti komið saman og fengið sálrænan stuðning.

Leiða má að líkur að því að vandamál af þessu tagi hefðu ekki komið upp ef allir viðbragðsaðilar hefðu mannað Samhæfingarstöðina. Hercules-vél danska hersins var send frá Reykjavík með fólk og búnað. Félagið var ekki upplýst um þær bjargar sem voru sendar með vélinni og var sömuleiðis ekki boðið að senda bjargar með henni.

Nokkur samskiptavandamál komu upp vegna þess að Rauði krossinn kom ekki með formlegum hætti að mönnun aðgerðastjórnar á Húsavík, meðal annars varðandi opnun og starfrækslu fjöldahjálparstöðvar á Stórutjörnum. Ólíklegt má teljast að slíkt hefði komið til ef félagið hefði verið boðað í aðgerðastjórn.

Virkja hefði þurft aðgerðastjórn á Norðurlandi vestra með formlegum hætti. Upplýsingamiðlun var ábótavant í landshlutanum og yfirsýn skorti að miklu leyti. Boðun bjarga fór fram með óformlegum leiðum sem gerði öll viðbrögð óskilvirkari en ella. Félagið telur að úrbóta sé þörf í skipulagi almannavarna í umdæminu.

Viðbúnaður og viðbrögð Rauða krossins

Rauði krossinn hefur komið upp 24 fjöldahjálparkerrum með beddum, teppum, rafstöðvum og öðrum búnaði víðsvegar um landið. Fjórar slíkar kerrur eru á Norðurlandi: Laugabakka í Vestur-Húnavatnssýslu, Sauðárkróki, Akureyri og Framhaldsskólanum að Laugum. Kerrurnar eru léttar og auðfærnanlegar en einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að taka búnað úr þeim eftir þörfum og flytja með

öðrum flutningstækjum þegar veður og færð bjóða ekki upp á að þær séu dregnar. Þessar kerrur hafa nýst vel í ýmsum aðgerðum. Illa gekk þó að komast að kerrunni á Laugabakka, enda er hún geymd inni í geymslu með rafmagnshurð sem sjálfboðaliðarnir gátu ekki opnað í rafmagnsleysinu.

Flytja þurfti búnað úr kerrunni á Akureyri til Dalvíkur þar sem fjöldahjálparbúnaður er ekki fullnægjandi á Dalvík.

Mikilvægt er að fjölga fjöldahjálparkerrum á Norðurlandi svo ekki reynist nauðsynlegt að flytja búnaðinn um langan veg. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði í tveimur til þremur kerrum á árinu 2020 fyrir Norðurland. Nýjar kerrur verða væntanlega staðsettar í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð og austurhluta Þingeyjarsýslu.

Sú þjónusta sem Hjálparsími Rauða krossins 1717 veitir á hættu- og neyðartímum, meðal annars með sálrænum stuðningi og upplýsingum til aðstandenda, var ekki kynnt nægilega vel þrátt fyrir að símtölum hafi fjölgað umtalsvert meðan á atburðunum stóð. Í fyrri aðgerðum hefur Samhæfingarstöð almannaþinga séð um að kynna þjónustuna í fréttatilkynningum. Samkvæmt upplýsingum sem félagið hefur frá björgunarsveitafólki þá fengu mörg þeirra talsvert af símtölum frá fólki sem var að vitja um ættingja. Slíka þjónustu hefði auðveldlega verið hægt að leysa í gegnum 1717 með aðkomu Samhæfingarstöðvarinnar.

Þær veitingar sem voru veittar í fjöldahjálparstöðvum voru með ýmsum hætti. Ekki er nægilega skýrt í áætlunum félagsins um hvers kyns veitingar skuli vera á boðstólum í fjöldahjálparstöðvum. Félagið telur mikilvægt að sett verði lágmarksviðmið um veitingaþjónustu, en þegar eru í gildi lágmarksviðmið um þætti eins og vatn og hreinlæti og aðstöðu í svefnrymum.

Fjöldahjálparstöðin á Ólafsfirði var ekki í grunnskólanum eins og áætlanir gera ráð fyrir, heldur á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku. Húsnæðið var alltof lítið fyrir slíka starfsemi. Aðstæðurnar buðu hins vegar ekki upp á aðra lausn, enda var það metið eina húsnæðið sem væri nægilega upphitað til að geta veitt fólki þjónustu.

Þær rafstöðvar sem félagið býr yfir á Norðurlandi, og eru staðsettar í fjöldahjálparkerrunum, eru smáar og afllitlar og í raun ekki hugsaðar til annars en að sjá fjöldahjálparstöðvum fyrir lýsingu og hleðslu lítilla rafmagnstækja. Félagið mun í framhaldinu meta hvort þörf sé á fjárfestingu í stærri rafstöðvum sem geta hitað upp fjöldahjálparstöðvar. Ljóst er að samstarf þyrfti að vera mikið við sveitarfélög að þessu leyti, enda eru fjöldahjálparstöðvar almennt ekki þannig útbúnar að hægt sé að tengja varaafsstöðvar við þær. Þá þyrfti að finna lausnir á flutningi og geymslu eldsneytis fyrir slík tæki, einkum á hættu- og neyðartímum, þegar færð teppist.

Rauði krossinn á nokkra gashitara á höfuðborgarsvæðinu sem eru ætlaðir til upphitunar í uppblásnum tjöldum og eftir atvikum í fjöldahjálparstöðvum. Engir slíkir eru staðsettir á Norðurlandi. Aðgerðastjórn tók ákvörðun um að fjárfesta í hiturum og dreifa á heimili sem á þurftu að halda. Félagið stefnir á að fjárfesta í gashiturum sem verða staðsettir á Norðurlandi.

Rauði krossinn býr að miklum TETRA-fjarskiptabúnaði um allt land. Eitthvað var þó um að talstöðvar væru óaðgengilegar þegar á þurfti að halda. Félagið mun skerpa á þessu.

Rauði krossinn býr yfir þúsundum teppa á landsvísu, sem eru flest flísteppi eða teppi úr gerviefnablöndum. Þau eru ekki mjög hlý þegar kuldinn verður mikill. Ullarteppi eru bæði dýr, þung og fyrirferðarmikil. Þannig er í raun mun hentugra að skjólstaðingar fái fleiri en eitt teppi af þeim gerðum sem félagið notast við frekar en að skipta yfir í ullarteppi. Félagið fjölgar jafnt og þétt í teppabirgðum sínum. Til skoðunar er að bæta álpokum við teppin til að auka við einangrunargildið.

Rauði krossinn býr ekki yfir miklum bílafloða. Þrátt fyrir að nokkrir jeppar séu í tækjasafni félagsins er enginn þeirra sérútbúinn til aksturs í mikilli ófærð. Félagið treystir því mjög á aðstoð aðildareininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar að þessu leyti, sem eru iðulega störfum hlaðnar á hættu- og neyðartímum. Þessi mál verða skoðuð sérstaklega í framhaldinu.

Þættir sem Rauði krossinn telur hafa verið til fyrirmyndar

Samskipti við aðgerðastjórnir á Akureyri, Reykjavík og Selfossi voru til fyrirmyndar. Þessar stjórnstöðvar hafa öðlast mikla reynslu í störfum sínum og það kom berlega í ljós í atburðunum.

Innbyrðis samskipti í félaginu voru góð. Deildum félagsins hefur fækkað á síðustu árum og einingarnar eru orðnar stærri og öflugri. Slíkt stýttir boðleiðir, bætir samskipti á landsvísu og flýttir fyrir ákvarðanatöku.

Samskipti við viðbragðsaðila og sveitarfélög gengu heilt yfir vel. Aðilar lögðu metnað í verkefnið og studdu vel við verkefni hvers annars.

Ró og yfirvegum einkenndi ákvarðanatöku þegar línur fóru að skýrast.

Tímalína atburða

9. desember

Aðgerðastjórnir á Norðurlandi eystra, Suðurlandi, höfuðborgarsvæði og Vestfjörðum funduðu og gerðu áætlanir um viðbrögð meðal viðbragðsaðila.

10. desember

Fjöldahjálparstöð opnuð á Kjalarnesi. Henni var lokað samdægurs.

- Aðgerðastjórn á höfuðborgarsvæði óskaði eftir opnun.
- 2 sjálfboðaliðar á staðnum sáu um opnun.
- 4 erlendir ferðamenn komu í fjöldahjálparstöðina. Ástæða komu var lokun vegar.
- Fyllt á birgðir í fjöldahjálparstöðinni 6. janúar 2020.

Fjöldahjálparstöð opnuð á Selfossi. Henni var lokað um miðnætti aðfararnótt 11. desember

- Aðgerðastjórn á Suðurlandi óskaði eftir viðbragðsstöðu um morguninn en virkjun síðar um daginn.
- 8 sjálfboðaliðar/starfsmenn komu að aðgerðinni.
- 8 erlendir ferðamenn leituðu í fjöldahjálparstöðina.

Fjöldahjálparstöð opnuð að Borg í Grímsnesi. Henni var lokað 11. desember.

- Fjórir sjálfboðaliðar frá Selfossi voru sendir á staðinn með aðstoð björgunarsveitar. 3 sjálfboðaliðar tóku við daginn eftir.
- 15 manns (erlendir ferðamenn og fólk með lögheimili á Íslandi) nýtti sér þjónustuna.
- Fólk gat haldið ferðinni áfram þegar Biskupstungnabraut var rudd daginn eftir.

Fulltrúi Rauða krossins fór í Samhæfingarstöð að eigin frumkvæði en ekki hafði komið til eiginlegrar virkjunar. Hann hafði fengið þau skilaboð að ekki væri þörf á að mæta. Þegar búið var að opna þrjár fjöldahjálparstöðvar þá ákvað hann að mæta og taldi þörf fyrir markvissari samhæfingu.

11. desember

Gengið í hús í Fjallabyggð. Engin formleg beiðni lá fyrir því framtaki en farið var að kólna í húsum og ákveðið að ganga í hús og athuga með fólk.

- Björgunarsveit sá um að ganga í hús á Ólafsfirði en Rauða kross sjálfbóðaliðar á Siglufirði.

Fjöldahjálparstöð opnuð á Dalvík.

- Aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra óskaði eftir virkjun.
- 9 sjálfbóðaliðar komu að virkjuninni, bæði Dalvíkingar og sjálfbóðaliðar frá Akureyri.
- 50 notendur nýttu sér stöðina, einkum erlendir íbúar á staðnum.
- Örfáir íbúar komu og nýttu sér stöðina að takmörkuðu leyti, s.s. kaffiveitingar.
- Síðustu notendur yfirgáfu fjöldahjálparstöðina á hádegi 13. desember. Þá var miði settur á hurðina ef vera skyldi að fleiri þyrftu að nýta sér stöðina að því loknu.

Fjöldahjálparstöð opnuð á Hvammstanga. Henni var lokað 12. desember.

- Svæðisstjórn björgunarsveita óskaði eftir opnun á Hvammstanga vegna kulda í húsum.
- Tveir sjálfbóðaliðar voru virkjaðir.
- Þrír íbúar nýttu sér fjöldahjálparstöðina.
- Stöðin var opin í 3-4 klst.
- Húsnæðið var þar á eftir nýtt sem gistaðstaða fyrir björgunarsveitarfólk sem var sent á staðinn.

Rauði krossinn hringdi í fólk á sveitabæjum og athugaði með líðan.

- Aðgerðastjórn óskaði eftir því að Rauði krossinn myndi hringja út á köld svæði, einkum í Bárðardal, Kinn, Tjörnesi, Kelduhverfi og Öxarfirði.
- Hringingar áttu sér stað 11., 12., 13., 14. og 15. desember.
- Fyrst var hringt í eldri borgara og einstæðinga.
- 6 sjálfbóðaliðar og starfsmenn sáu um hringingar.
- Hringd voru út um 220 símtöl á þessum dögum

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins fóru með björgunarsveit á bæi í Þingeyjarsveit þar sem orðið var mjög kalt á nokkrum stöðum.

- Sérstaklega var farið á bæi í Bárðardal.
- Hringt var í nágretta og þeir beðnir um að athuga með ákveðna bæi.

12. desember

Stöðufundur Neyðarmiðstöðvar Rauða krossins.

- Stjórnandi var skipaður fyrir Rauða krossinn fyrir aðgerðina í heild.
- Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra óskaði eftir stöðuyfirliti frá Rauða krossinum um viðbrögð félagsins.

Hvíldaraðstaða og mótuneyti fyrir viðbragðsaðila var opnað í Glerárkirkju á Akureyri

- Aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra óskaði eftir virkjun.
- 16 sjálfbóðaliðar komu að verkefninu.
- 50 manns nýttu sér aðstöðuna.
- Aðstöðunni var lokað að kvöldi 13. desember.

Fjöldahjálparstöð var opnuð á Siglufirði.

- Óvíst var hver óskaði eftir virkjun, líklega eigið framtak sjálfboðaliða á staðnum.
- Ekki var hægt að opna skólann þar sem ekki var hiti í byggingunni. Fjöldahjálparstöðin var því opnuð í heilsugæslunni.
- Tilgangur fjöldahjálparstöðvarinnar var að starfa sem nokkurs konar þjónustumiðstöð frekar en gístiaðstaða og mótuneyti.
- 5 sjálfboðaliðar koma að viðbrögðunum.
- Eftir að rafmagn komst á í bænum óskaði aðgerðastjórnin eftir því að stöðin væri reiðubúin að opna aftur án fyrirvara.

Fjöldahjálparstöð opnuð á Ólafsfirði.

- Aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra fór fram á virkjun.
- Opnað á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku. Hjúkrunarheimilið var nýtt vegna þess að hiti var á byggingunni, sem var hins vegar ekki í skólanum.
- 3 sjálfboðaliðar auk slysavarnakvenna sáu um starfrækslu fjöldahjálparstöðvar.
- 90 manns nýttu sér stöðina.
- Fólk í bænum var upplýst um stöðina með SMS-skilaboðum frá Neyðarlínunni.

Tveir starfsmenn landsskrifstofu Rauða krossins í Reykjavík fóru til Akureyrar til að styðja við starfslið á Akureyri, en fyrir var mikið álag vegna atburðanna og jólahúthlutunar fyrir skjólstaðinga félagsins. Þeir dvöldu á Akureyri í sólarhring.

Fulltrúi Rauða krossins var boðaður á fund þjóðaröryggisráðs síðdegis.

Fjöldahjálparstöð var opnuð í Sólvangi Tjörnesi. Henni var lokað 15. desember.

- Aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra óskaði eftir virkjun þar sem rafmagnslaust hafði verið frá þriðjudeginum 10. desember og mjög kalt var orðið í húsum.
- Opnað kl. 17 síðdegis.
- 3 sjálfboðaliðar sáu um opnina.
- Aðgerðastjórn útvegaði rafstöð sem var tengd við félagsheimilið.
- Að jafnaði komu 6-8 manns á dag.
- Á sunnudeginum komu 25 manns í súpu. Sá viðburður var boðaður með SMS-kerfi Neyðarlínunnar.
- Enginn gisti í fjöldahjálparstöðinni en fáeinir íbúar útveguðu sér gistingu á Húsavík eftir eigin leiðum.
- Fjöldahjálparstöðinni var lokað kl. 18 þann 15. desember.

Áfallahjálpar vegna slyss í Sölvadal, en unglingspiltur féll í á og fannst síðar látinn.

- Aðgerðastjórn óskaði eftir virkjun.
- Tveir sjálfboðaliðar úr viðbragðshópi Rauða krossins voru virkjaðir til að styðja við samferðarmann drengsins og fjölskyldu hans.

13. desember

Fulltrúi Rauða krossins fór í Samhæfingarstöðina að eigin frumkvæði.

Formaður Rauða krossins í Húnavatnssýslu upplýsti forsætisráðherra, samgönguráðherra og félagsmálaráðherra um viðbrögð Rauða krossins.

14. desember

Hiturum var dreift í Þingeyjarsýslu

- Gashiturum var dreift samkvæmt upplýsingum sem komu fram í gegnum úthringingar.
- Aðgerðastjórn útvegaði þá 15 hitara sem þurfti.

Ákveðið var að virkja samráðshópa áfallahjálpar í Húnavatnssýslu, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.

- Samráðshópur í Eyjafirði fundaði 16. desember. Hópurinn samdi yfirlýsingu sem fór á vefmiðla sveitarfélaga og heilsugæslu um það hvar aðstoð væri í boði.
- Samráðshópur í Húnavatnssýslu fundaði 16. desember. Rýnifundur var haldinn 16. desember með viðbragðsaðilum og stjórnendum í sveitarstjórn. Hópurinn ákvað að auglýsa á heimasíðum sveitarfélaganna og heilsugæslu og staðbundnum vefmiðlum að aðstoð væri í boði. Hringt var í bændur sem höfðu misst hross.
- Hópurinn í Þingeyjarsýslu fundaði 18. desember. Ákveðið var að hefja hringingar á köldu svæðin. Samtölin voru löng, enda var þar um að ræða sálrænan stuðning í síma.

19. desember

Snjóflóð féll í Ljósavatnsskarði austan Stórutjarna.

- Aðgerðastjórn hafði samband við Rauða krossinn kl.22 þar sem farið var fram á opnun á Stórutjörnum og Framhaldsskólanum á Laugum. Stöðvarnar voru opnaðar um hálf tíma síðar.
- Afturköllun barst fljótlega um fjöldahjálparstöðina á Laugum.
- 18 manns gistu í fjöldahjálparstöð að Stórutjörnum.
- 1 sjálfboðaliði á staðnum sá um opnunina.
- Fjöldahjálparstöðinni var lokað kl.15 þann 20. desember.

Haldinn var rýnifundur viðbraðgsaðila á Norðurlandi eystra.

20. desember

Starfsmaður Rauða krossins hringdi í alla sveitarstjóra í Eyjafirði þar sem staðan var tekin á íbúum í viðkomandi sveitarfélögum. Rætt var um að meta þörf fyrir sálrænan stuðning. Ákveðið var að bregðast við eftir atvikum. Ekki var talin þörf á kerfisbundnum úthringingum.

7. janúar

Starfsfólk Rauða krossins hélt rýnifund sem var tekinn upp. Efni hans er grunnur að þessari skýrslu.